

Jón Ósmann ferjumaður

Ný bók eftir Kristmund Bjarnason

KOMIN er út bók um Jón Ósmann ferjumann eftir Kristmund Bjarnason. Bókin er gefin út að tilhlutan Sýslunefndar Skagafjarðarsýslu í minningu um Jón Ósmann, en útgefendur eru Sýslusjóður Skagafjarðarsýslu og Sögufélag Skagfirðinga.

„Jón Ósmann (1862 — 1914), hinn landskunnli ferjumaður við Vesturós Héradsvatna í Skagafirði, er fyrir margra sjónum líkt og stígninn út úr þjóðsögu ellegar goðsögu, svo stórbrotinn var hann og sérstæður á flesta lund,“ segir á kápusíðu. „Að líkamsburðum og karlmennsku átti hann sér vart jafningja á sinni tíð, en eigi var síður rómuð manngöfgi hans.“

Þá segir þar enn fremur:

„Ýmsir hafa orðið til að minnast Jóns Ósmanns í frásögnum. Það er þó ekki fyrr en nú, með þessari bók Kristmundar Bjarnasonar, að frá honum er sagt svo rækilega og vel, uppruna hans, háttum og högum, að naumast verður um bætt. Höfundur hefur leitað uppi allar tiltækar heimildir, sumpart í ritum, sumpart í munnlegri geymd og því áður ókunnar, unnið úr þeim og felld saman í stórfroðlega og bráðlifandi ávísögu sem stentz fræðilegar kröfur. Við lestur þessarar bókar kynnumst vér ógleymanlegum manni „sem fór eigin leiðir í hvívetna“.“

Bókin er skipt í tvo meginkafla, Ættanna kynlega bland og



Jón Ósmann um 1910.

Ferjumaðurinn, en auk þess eru þar vinarkveðjur, eftirmáli, ljósmyndaskrá, skammstafanir, heimildaskrá og nafnaskrá.

Bókin er 232 bls. að stærð og er hún prýdd fjölda mynda.

Milljónatjón hjá Síldarréttum

„Það er ljót staðan, allt kol-skemmt,“ sagði Agúst Sæmundsson í Síldarréttum í samtali við Morgunblaðið í gær eftir brunann, sem varð þar fyrir helgi. Ljóst er, að um milljónatjón er að ræða, en efri hæð Síldarréttta, 300 fm húsnæði, er öll brunnin að innan og timburþak og gluggar ónýtt.

Síldarréttir voru nýbúnir að flytja út niðursodinn skelfisk, nokkurra millj. kr., verðmæti,

þannig að Agúst kvaðst þó geta huggað sig við það, að ástandið hefði getað verið verra.

Allt starf Síldarréttta stöðvast því að sinni, en 6—8 manns hafa unnið hjá fyrirtækinu. Til bráðabirgða verður unnið að því að loka þaki og gluggum, en eftir áramótin verður reynt að hefjast handa af fullum krafti við að koma starfsemi í fyrri horf aftur með því að endurbyggja verksmiðjuna.

Útvegsbankinn í Kópavogi í eigið húsnæði

Í GÆR fluttist útibú Útvegsbankans í Kópavogi í nýtt hús að Digranesvegi 5. Útibúið var áður í leiguhúsnæði að Alfhólsvogi 7 frá því að það var opnað árið 1968.

Skömmu eftir að útibúið var opnað þótti einsýnt að Útvegsbankinn þyrfti að eignast húsnæði fyrir starfsemi sína í Kópavogi. Árið 1972 samdi bankinn við bæjarstjórn Kópavogs um kaup á eigninni við Digranesveg, og nú, rúmum tveimur árum síðar, er þeim áfanga náð, að bankinn hefur tekið til afnota mestan hluta fyrstu og annarrar hæðar, svo og kjallara hússins.

Þegar hið nýja húsnæði var tekið í notkun í gær kom fram, að bankinn hefði kosið að fara sér hægar við byggingarframkvæmdirnar, en þess var ekki kostur. Þar sem ákveðið hafði verið, að húsið risi á miðbæjar-svæðinu, var það skilyrði sett, að húsið væri byggt í einum áfanga, en byggingin er liður í hinum miklu framkvæmdum við miðbæ Kópavogs um þessar mundir.

Reiknistofa bankanna verður til húsa í Útvegsbankabyggingunni og er gert ráð fyrir að hún taki til starfa þar 1. marz n.k. Undirbúningur við innréttingar í húsnæði því, sem Reiknistofan fær til umráða er nú um það bil að hefjast, en það húsrými er um 600 fermetrar að stærð.

Nýja Útvegsbankahúsið er um 2415 fermetrar að gólfleti, — þrjár hæðir og auk þess sú fjórða, sem er inndregin.

Húsið teiknaði Jósef Reynis arkitekt í samráði við Gunnlaug Björnsson, fulltrúa í Útvegsbankanum. Verkfræðiteikningar voru unnar í verkfræðistofu Guðmundar Óskarssonar. Fjölmargir aðilar áttu þátt í byggingarframkvæmdum við húsið þar eð ýmsir verkþættir voru boðnir út, en af hálfu bankans stjórnaði Guðjón Guðmundsson byggingameistari

framkvæmdum við húsnæðinguna.

Baldur Ólafsson, sem verið hafði útibússtjóri Útvegsbankans

í Kópavogi frá upphafi lét á sl. ári af störfum vegna heilsuþrests.

Tók Bjarni Guðbjörnsson, útibús-

Framhald á bls. 47.



Séð yfir hluta afgreiðslusalarsins í nýja Útvegsbankaútibúinu.



● Svipast um eftir jólasveinunum í Austurstræti.

Kveikt á
Oslóartrénu
á Austurvelli



„Bráðum koma blessuð jólin...“

Í tuttugasta og þriðja sinn var kveikt á jólatré frá Osló á Austurvelli s.l. sunnudag að viðstöddu miklu fjölmenni. Athöfnin hófst með því að Lúðrasveit Reykjavíkur lék undir stjórn Jónasar Þ.

Dagbjartssonar, en síðan afhenti Thor Bronder sendifulltrúi tréð og Birgir Isleifur Gunnarsson borgarstjóri veitti því viðtöku. Þá söng Dómkórinn jólasálma undir stjórn Ragnars Björnssonar og viðstaddir á Austurvelli sungu með. Eftir athöfnina á Austurvelli voru jólasveinar á ferli í borginni og m.a. voru þeir á kreiki í mannfjöldanum sem var í Austurstræti.



● Lengst til hægri á myndinni er Birgir Isleifur Gunnarsson borgarstjóri ásamt konu sinni Sonju Bachmann og tveimur dætrum þeirra og fyrir miðju á myndinni er Thor Bronder og fyrir framan hann stendur lítill sonur hans sem kveikti á jólatrénu. Ljósmyndir Mbl. Ól. K. M.



● Hluti af þeim fjölda fólks sem fylgdist með athöfninni og þar voru börnin að sjálfsgöðu í meirihluta.

Premur Landróverum stolið

ÞREMUR Landroverjoppum var stolið í Reykjavík um helgina. Fundust þeir allir í Vogá og Heimahverfi um hádegi á sunnudag, óskemmdir. Ekki hefur tekizt að hafa upp á þjófunum.

Fyrsta Landróvernum var stolið frá húsi við Hraunbæ aðfararnótt laugardagsins, en hinum var stolið nóttina eftir í Ljósheimum og Stigahlíð. Var auglýst eftir bílunum í hádegisútarpinu og fundust allir bílarnir skömmu síðar eftir ábendingar fólks.